

AUGLÝSING

um breytingu á svæðisskipulagi miðhálandis Íslands 2015, Lakagígasvæðið, Skaftárhreppi.

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 20. ágúst 2008 staðfest breytingu á svæðisskipulagi miðhálandis Íslands 2015 frá 10. maí 1999.

Breytingin felst í eftirfarandi:

1. Miklafellsvegur, leið inn að Miklafelli og Blængi, er skilgreindur sem fjallvegur í stað einkavegur/aðrar ökuleiðir. Jafnframt færast vegurinn þannig að hann tengist inn á Lakaveg (F206) við Galta, en núverandi vegslóði sem liggur upp á öxl Blængs verður aflagður. Meðfram nýja veginum er gert ráð fyrir reiðleið. Gerð er breyting á gönguleið 4, Hólaskjól-Eldgjá-Skælingar-Sveinstindur-Lakagígar-Blágil í því skyni að færa hana frá viðkvæmu svæði.
2. Skálasvæði við Blágil færast um flokk og er skilgreint sem fjallasel, dvalarsvæði landvarða og tjaldsvæði. Við Galta er skilgreint nýtt skálasvæði þar sem gert er ráð fyrir upplýsingamiðstöð með móttöku ferðamanna, aðstöðu landvarða og snyrti-
aðstöðu.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breyting þessi öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 20. ágúst 2008.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Logi Kjartansson.